

---

## FUNDARGERÐ

<b>Fundur:</b>	<b>75. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Fimmtudagur 28. júní 2001, kl. 13:00-14:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Landsvirkjun, stjórnstöð Bústaðavegi</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Nýir þátttakendur í START hópnum. 2) Breytingar á skráningu vegna Nordel krafa. 3) Gögn ársins 2000 (og 1999). 4) Nýtt skráningarkerfi. 5) Skráning hjá smærri veitum. 6) Handbók um skráningu truflana. 7) Stuðlar um afhendingu raforku. 8) Kostnaðarskipting með tilkomu nýrra aðila. 9) Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:

START:	Helga Jóhannsdóttir Ólafur Pálsson
Orkuveita Reykjavíkur:	Bjarki Franzson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson

- 1) JV sagðist hafa sent fundarboð til nýrra þátttakenda í starfinu en það eru Bæjarveitur Vestmannaeyja, Rafveita Sauðárkróks og Selfossveitur. Sigurður á Sauðárkróki ætlaði að mæta en forfallaðist á síðustu stundu. Hann sagði einnig að Sigfús hjá Rafveitu Reyðarfjarðar hefði látið sig vita að þeir mundu taka þátt í þessu starfi. Þá vantar bara Orkuveitu Húsavíkur. ÓP nefni hvort Löggildingastofan ætti ekki að koma inn í þetta starf sem væntanlegur tæknilegur eftirlitsaðili. Ákveðið var að bjóða þeim á næsta fund til að kynna þeim þetta starf. Ákveðið var að fresta frekari umræðu fram á næsta fund þar sem enginn af nýju aðilunum var mættur.
- 2) HJó sagði að ekki væri komin ný útgáfa af Nordel leiðbeiningunum. JV taldi að nefndin ætti að setja þessar leiðbeiningar á netið hjá sér þegar þær verða orðnar endanlegar.

- 3) JV sagði að ennþá vantaði gögn fyrir árið 2000 frá Hitaveitu Suðurnesja og Rafmagnsveitum ríkisins. Einnig vantar árið 1999 frá Hitaveitu Suðurnesja. truflanir á Nesjavöllum hjá Orkuveitu Reykjavíkur hafa ekki verið skráðar og ætlar JV að ræða um það við þá sem hafa með Nesjavelli að gera hjá veitunni.
- 4) JV sagði að nýja skráningarkerfið væri búið að vera í notkun hjá LV og búið væri að laga allt sem gerðar hafa verið athugasemdir við. Þó eru gagnagrunnssamkiptin sein hjá Landsvirkjun sem er ekki vandamál hjá Afli og verður það skoðað nánar í næstu viku. Ákveðið var að setja kerfið upp hjá Orkuveitu Reykjavíkur eftir sumarfrí eða um miðjan ágúst. Stefnt er að því að vera með námskeið á svipuðum tíma fyrir þá sem skrá.
- 5) JV hefur ekki rætt þetta við nýju veiturnar og var ákveðið að fresta þessu fram á næsta fund.
- 6) JV dreifði drögum að nýrri handbók um skráninguna og fór yfir hana. Hann sagði að eftir væri að endurskoða dæmin í bókinni og hafði hann í huga að finna dæmi út úr gagnagrunninum og taka einnig eitthvað af Nordel dæmunum. Fundarmenn ætla að fara yfir handbókina og senda JV athugasemdir. JV var falið að senda hana til þeirra sem eru fjarstaddir.
- 7) JV sagðist ekki hafa fengið neinar athugasemdir við drögin að skýrslu um stuðla um afhendingu raforku. Hann sagði að hópurinn þyrfti að skilgreina hvaða stuðla hann vildi leggja áherslu á og á það sérstaklega við um dreifinguna. Frekari umræðu frestað til næsta fundar.
- 8) JV dreifði tillögu að kostnaðarskiptingu. HJó sagði að hlutur Landsvirkjunar væri nokkuð mikill og spurning væri hvort ekki væri eðlilegra að miða við fjölda skýrslna. JV var falið að taka saman fleiri tillögur og senda til fundarmanna.
- 9) HJó nefndi hvort ekki væri heppilegt að koma uppfærslu á tölum um kostnað vegna skorts í fast form svo sem þannig að tölur væru uppfærðar árlega út frá verðlagi og nýjum hagtölum og að þær yrðu síðan endurskoðaðar frá grunni á 5-10 ára fresti. JV var falið að koma með tillögu á næsta fund. JV benti á að gott gæti verið að skipuleggja fundi ársins um leið og áætlun er gerð fyrir árið þannig að menn gætu strax í upphafi árs tekið frá fundartíma.

Fleira ekki gert. Næsti fundur um mánaðarmótin ágúst/september 2001.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum: “Leiðbeiningar um skýrslugerð við rekstrartruflanir”.  
Útgáfa 4.0, drög 1. (JV)  
Tafla með tillögu um skiptingu kostnaðar við Start hópinn.  
(JV)